



UMHVERFISSTOFNUN


# UNDANÞÁGUÁKVÆÐI FRÁ VIÐSKIPTAKERFI ESB (SBR. 27. GR. ETS-TILSKIPUNARINNAR)

HILDA GUÐNÝ SVAVARSDÓTTIR





# YFIRLIT FUNDARINS

- Stutt um viðskiptakerfi ESB.
  - Heimildarákvæði 27. gr. tilskipunar 2003/87/EB.
  - Ákvæði 14. gr. frumvarps til laga um loftslagsmál:
    - Skilyrði – lítil losun og lítið uppsett afl.
    - Kröfur – losunargjald.
    - Tilgangur – minni stjórnsýsla.
- 



# VIÐSKIPTAKERFI ESB

- Lykilstjórnþæki ESB í loftslagsmálum.
- Hefur verið starfrækt frá 1. janúar 2005.
- Ætlað að mynda hagrænan hvata til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda innan sambandsins.




# VIÐSKIPTAKERFIÐ OG EES

- Grunntilskipunin um viðskiptakerfið (2003/87/EB) hluti af EES-samningnum frá 2007.
- Breytingartilskipun um flug (2008/101/EB) tekin upp í EES-samninginn í ársbyrjun 2011.
- Breytingartilskipun um rýmkun á gildissviði og breytt skipulag kerfisins (2009/29/EB) væntanlega tekin upp í EES-samninginn á næstu mánuðum.




# TILSKIPUN 2009/29/EB

- Víðtæk endurskoðun á viðskiptakerfi ESB – tilskipun 2003/87/EB (ETS- tilskipunin).
  - Fleiri tegundir staðbundinnar iðnaðarstarfsemi falla undir kerfið.
    - Ál-, járnblandi-, steinullar- og fiskimjölsframleiðsla á Íslandi mun heyra undir kerfið frá 1. janúar 2013.
  - Fleiri tegundir gróðurhúsalofttegunda falla undir kerfið.
    - CO<sub>2</sub>, N<sub>2</sub>O, PFC (perflúorkolefni)
  - Meiri einsleitni og samræming við framkvæmd kerfisins og aukin miðstýring af hálfu ESB.
- 




# 27. GR ETS-TILSKIPUNARINNAR

- Heimilar ríkjum, að höfðu samráði við viðkomandi fyrirtæki, að undanskilja starfsstöðvar gildissviði viðskiptakerfisins, að uppfylltum tilteknum skilyrðum.
- 




# HEIMILD 27. GRÁ VIÐ UM STARFSSTÖÐVAR ÞAR SEM

- Árleg losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsstöðinni hefur verið undir 25.000 tonnum af koldíoxíðsgildum á þriggja ára tímabili (1. janúar 2009 til 31. desember 2011) að frátalinni losun frá lífmassa.
  - Uppsett afl starfsstöðvar hafi verið undir 35 MW á sama tímabili (á við um starfsstöð þar sem brennsla er hluti af starfseminni).
- 




# MEGINSKILYRÐI 27. GR

- Starfsstöðvarnar þurfa að lúta einhvers konar ráðstöfunum sem eru jafngildar kröfum í viðskiptakerfinu.
  - Jafngildar ráðstafanir?
  - Gjaldtaka eða skattlagning. Lögð hefur verið áhersla á að fjárhæð slíkra gjalda endurspegli kostnað fyrirtækis af því að vera í kerfinu.
- 





# MEGINTILGANGUR 27. GR

- Draga úr stjórnarsýslubyrði lítilla losenda án þess þó að mismuna með því fyrirtækjum hvað stöðu þeirra á samkeppnismarkaði varðar.
- 



UMHVERFISSTOFNUN

# FRUMVARP TIL LAGA UM LOFTSLAGSMÁL






# 14. GREIN

- Fyrir Alþingi liggur nú fyrir frumvarp til laga um loftslagsmál.
- 14. gr. frumvarpsins er ætlað að innleiða heimildarákvæði 27. gr. tilskipunar 2003/87/EB.
- 1. mgr. 14. gr.
  - Umhverfisstofnun er heimilt að undanskilja starfsstöðvar gildissviði viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir á viðskiptatímabilinu 1. janúar 2013 til 31. desember 2020 ef þær uppfylla skilyrði 2. mgr. Í slíkum tilfellum skulu starfsstöðvar uppfylla kröfur þessarar greinar.



# SKILYRÐI 2. MGR 14. GR

- Losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsstöðinni hafi verið undir 25.000 tonnum af koldíoxíðsígildum á hverju ári tímabilsins 1. janúar 2009 til 31. desember 2011, að frátalinni losun frá lífmassa.
  - Ef um er að ræða starfsstöð þar sem brennsla er hluti af starfseminni er einnig skilyrði að uppsett afl starfsstöðvar hafi verið undir 35 MW á hverju ári tímabilsins 1. janúar 2009 til 31. desember 2011.
- 



# AÐRAR KRÖFUR SKV. 14. GR

- Ráðstafanir sem eru jafngildar kröfum í viðskiptakerfinu.






# LOSUNARGJALD

- Undanþegnar starfsstöðvar skulu greiða losunargjald, sbr. 3. mgr. 14. gr.
- Losunargjaldið skal vera í samræmi við losun gróðurhúsalofttegunda frá viðkomandi starfsstöð á undangengnu almanaksári.
- Frá þeirri losun skal þó draga þann fjölda tonna sem samsvarar fjölda losunarheimilda sem starfsstöðin hefði fengið úthlutað endurgjaldslaust í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.



# LOSUNARGJALD

- Hvernig er upphæð losunargjalds fengin?
    - Gjald fyrir hvert tonn losunar skal jafngilda meðalverði losunarheimilda á Evrópska efnahagssvæðinu eins og það er á árstímabili sem lýkur 31. ágúst árið áður en hin gjaldskylda losun á sér stað.
  - Hvernig og hvenær er losunargjaldið innheimt?
    - Innheimtumaður ríkissjóðs leggur á og innheimtir fyrir 1. júlí ár hvert í samræmi við skýrslu Umhverfisstofnunar.
    - Gjaldið rennur í ríkissjóð.
- 




# TILGANGUR

- Draga úr stjórnsýslubyrði



A photograph of a large industrial facility, possibly a refinery or chemical plant, with various pipes, tanks, and structures under a cloudy sky. The title text is overlaid on the bottom half of this image.

# MINNI STJÓRNSÝSLUBYRÐI

- Undanskildir rekstraraðilar þurfa ekki að standa skil á losunarheimildum og þeirri umsýslu sem því fylgir:
    - Kaupa losunarheimildir.
    - Stofna og eiga reikning í skráningarkerfinu.
- 
- Decorative graphic element consisting of two curved lines, one green and one blue, sweeping across the bottom right corner of the slide.


A photograph of an industrial facility, likely a refinery or chemical plant, with various pipes, tanks, and structures under a clear sky. The title 'MINNI STJÓRNSÝSLUBYRÐI' is overlaid in large white letters.

# MINNI STJÓRNSÝSLUBYRÐI

- Einfaldari kröfur um vöktun og skýrsluskil
  - Í skoðun er að rekstraraðilar þeirra starfsstöðva sem undanskildar verða viðskiptakerfinu geti fullnægt skýrsluskilum skv. 6. mgr. 14. gr. með skilum á grænu bókhaldi í stað sérstakrar skýrslu líkt og rekstraraðilar sem falla undir gildissvið viðskiptakerfisins þurfa að standa skil á.
    - Þá yrði þó að gera auknar kröfur til þeirra upplýsinga sem þar koma fram og viðkomandi aðilar þyrftu að skila í síðasta lagi 31. mars.



# SKÝRSLUSKIL


- Rekstraraðilar starfsstöðva sem eru undanskildar viðskiptakerfinu skulu fyrir 31. mars ár hver skila skýrslu til Umhverfisstofnunar þar sem sýnt er fram á að skilyrði 2. mgr. um losun gróðurhúsalofttegunda og uppsett afl séu uppfyllt.
  - Í skýrslunni skal einnig koma fram lýsing á starfseminni, uppsprettum og magni gróðurhúsalofttegunda, hvernig upplýsingum er safnað (í samræmi við vöktunaráætlun) og hver óvissa gagnanna er.
- 

# HVAÐ GERIST EF FRAM KEMUR Í SKÝRSLUNNI AÐ STARFSSTÖÐ UPPEYLLIR EKKI LENGUR SKILYRÐI 2. MGR. 14. GR. ?

- Starfsstöðin fellur undir gildissvið viðskiptakerfisins frá þeim degi er Umhverfisstofnun staðfestir skýrsluna.
- Rekstraraðili öðlast rétt á úthlutun endurgjaldslausra losunarheimilda frá því ári sem hann heyrir undir gildissvið viðskiptakerfisins, eins og hann hefði ekki verið undanskilin.
- Starfsstöðin skal heyra undir gildissvið viðskiptakerfisins út yfirstandandi viðskiptatímabil.



# UMSÓKNARFERLIÐ

- Verði frumvarpið að lögum.
    - Rekstraraðilar sem óska þess að starfsstöð þeirra verði undanskilin gildissviði viðskiptakerfis ESB **þurfa að senda umsókn** þess efnis til Umhverfisstofnunar.
    - Í umsókninni skal koma fram hvernig viðkomandi starfsstöð uppfyllir skilyrði 2. mgr. 14. gr.
    - Umsóknarfrestur er til og með **15. júní 2012.**
    - Umhverfisstofnun skal afgreiða umsóknina eigi síðar en **1. júlí 2012.**
- 



UMHVERFISSTOFNUN

# Umræður

